



Morgunblaðið/Valdís Thor

Fjölbreytt Álfurinn G. Guðrúnardóttir segir útskriftarsýninguna spennandi og skemmtilega.

Fjölbreytt sýning útskriftarnema

Útskriftarsýning útskriftarnema við hönnunar- og arkitektúrdeild og myndlistardeild Listaháskóla Íslands stendur nú yfir á Kjarvalsstöðum. Þar má sjá fjölbreytt verk nemenda, allt frá innsetningum til púðaseríu.

Eftir Maríu Ólafsdóttur
maria@mbl.is

Í það heila eru um 70 útskriftarnemendur sem sýna og þar af 47 úr hönnunar- og arkitektúrdeild, sem er einn stærsti útskriftarhópurinn til þessa. Verkin eru eins og alltaf ótrúlega fjölbreytt, til dæmis skúlptúrar, furðuverur, útverk, púðasería, gjörningar, dyrabjöllur, hurð og teikningar svo fátt eitt sé nefnt. Útskriftarsýningarnar eru afskaplega skemmtilegar og spennandi sýningar. Það má segja að þær séu afrakstur þriggja ára náms við skólann, þó verkin endurspegla auðvitað það sem er að brjótast um í nemendum í núinu. Sýningin stendur til þriðja máí en þessar sýningar hafa verið með fjölsóttustu sýningum, en í fyrra sóttu hana um 11.000 manns á tæpum tveimur vikum,“ segir Álfurinn G. Guðrúnardóttir, kynningarstjóri skólans.

Aukin aðsókn

Mikil aðsókn var í Listaháskólann fyrir næsta skólaár en 20 prósent fleiri umsóknir bárust í grunnám en í fyrra. Um 300 manns sóttu um í hönnunar- og arkitektúrdeild sem skiptist í fjórar brautir, grafíska hönnun, arkitektúr, fata- og vöruhönnun. Mikil aukning var líka í myndlistardeild og tónlistardeild. Álfurinn segir að þó aðsókn hafi alltaf verið góð í Listaháskólann þá megi líklega skýra vaxandi aðsókn að einhverju leyti með ástandinu í þjóðfélaginu þar sem fólk sækir nú meira í nám þar sem minni vinnu sé að fá.

Hundar sem gelta ekki

Besti vinur mannsins er yfirskrift púðaseríu sem byggð er á litbrigðum íslenska fjárhundsins. Hugmyndin er sótt í bernsku hönnuðarins sem aldrei fékk að eiga gæludýr en á nú 14 hunda sem gelta ekki.

Ég hef alltaf haft áhuga á myndlist og hönnun og var búin að ákveða 15 ára gömul að verða grafískur hönnuður. Það stefndi því allt þangað og ég var ánægð með að komast inn í Listaháskólann í fyrstu tilraun. Áður var ég á myndlistar- og hönnunarbraut í menntaskóla þar sem ég lærði textíl og það nám hefur reynst mér góður grunnur að náminu í Listaháskólann. Það var mikið fönndrað á heimilinu þegar ég var lítil og amma, mamma og frænkur mínar allar á kafi í handavinnu. Textíll hefur því alltaf verið á mínu áhugasviði svo ég ákvað að reyna að blanda því inn í verkefnið og svo kom þessi hugmynd með púðaseríuna út frá því að ég vildi gera heimilsvænni hunda,“ segir Borghildur Ína Sölvadóttir sem útskrifast úr Listaháskólann nú í vor.

Rótað í bernskuminningum

Serían er unnin út frá litbrigðum íslenska fjárhundsins en hugmyndin spratt af því að Borghildur Ína fór að róta í bernskuminningum þegar henni fannst skemmtilegast að fara í sveit og fá að vera í kringum dýr og hunda. Þar af leiddi að hún hóf að kynna sér íslenska fjárhundinn og hugsar sér seríuna sem óð til hans, enda segir hún þá íslensku fjárhunda sem hún þekki vera mjög káta og skemmtilega félagar. Í seríunni notar hönnuðurinn 14 litbrigði svo úr verða 14 púðar sem merktir eru með nafni og númeri. Nöfnin eru 14 algengustu nöfn íslenskra fjárhunda svo sem Snati og Píla og þau tók Borghildur Ína af skrá hjá deild íslenska fjárhundsins. Púðarnir eru gerðir úr ull með áferð sem heitir smyrna og svipar til veggteppa sem voru mjög vinsæl á árunum 1970 til 1980.



Morgunblaðið/Ómar

Æskudraumur Borghildur Ína átti aldrei gæludýr sem barn og ákvað því að hanna hunda í líki fállegra púða.

Að skapa eigin tækifæri

„Við höfum haft rúma tvo mánuði í verkefnið svo þetta hefur reynt á skipulagshæfileikana og hefur verið gott að eiga góða að sem hafa hjálpað til. Stór þáttur í þjálfuninni í náminu er að taka þátt í svona stórrí sýningu, þurfa að skipuleggja sig og reikna með því að aðrir séu að sýna með manni í rýminu. Þannig er sýningin lokahnykkurinn á því sem við höfum verið að læra. Ég er ekki ákveðin í hvað ég geri að námi loknu en ég held að staðan sé þannig að maður þiggur næstum því hvað sem býst. Það getur líka vel verið að þeir sem útskrifast saman núna fari í eitthvert samstarf, enda gerir maður sér grein fyrir því að maður þarf að vera duglegur að skapa sín tækifæri sjálfur,“ segir Borghildur Ína.

Sækir innblástur í bakgarða

Verkefni útskriftarnema af arkitektúrdeild Listaháskólans er að hanna borgarbókasafn í miðbæ Reykjavíkur. Erna Dögg Þorvaldsdóttir Vestmann útskriftarnemi sækir sinn innblástur í bakgarða miðborgarinnar.

Ég hafði alltaf haft á bak við eyrað að fara í arkitektanáminn en byrjaði samt á því að fara í innanhússhönnun í Mílanó. Þar var ég í ár en ákvað þá að gera stefnubreytingu og halda heim í arkitektúr. Námið ytra hefur nýst mér að einhverju leyti en annars fannst mér aðalmunurinn á náminu þar og hér að í Listaháskólannum er manni gefið miklu meira frelsi til að vera skapandi. Námið snýr að hönnun bygginga en veitir okkur líka innsýn í borgarskipulag með rannsóknar- og hönnunarvinnu,“ segir Erna Dögg.

Mikilvægt að skilja umhverfið

Töluverð rannsóknarvinna er því yfirleitt undanfari verkefnanna sem er ætluð til þess að nemendur skilji betur umhverfið sem þeir vinna með. Þannig unnu nemendur til dæmis verkefni fyrir áramót þar sem þeir máttu velja sér staðsetningu. Erna Dögg valdi sér miðborgina og segir að það þurfi gífurlega rannsóknarvinnu til að skilja hvað henti að byggja þar. Mikil umræða hafi verið um miðborgina og ekki séu allir sammála um hvort þar eigi að reisa háhýsi og annað slíkt, þannig að rannsóknarvinnan sé töl til að fara með krafti inn í hönnunarverkefni. Þá skipti ekki bara máli hvernig byggingar séu á svæðinu heldur líka hvað maður ætli sér að taka úr umhverfinu til að vinna með.

Flókið en skemmtilegt

„Að hanna borgarbókasafn í miðbænum er vissulega flókið viðfangsefni. Lóðin sem við vinnum með er á Hverfisgötu 20 þar sem bílastæðahúsið Traðarkot stendur. Reiturninn snýr í norður og er kannski ekkert sérstaklega stór miðað við slíka byggingu, en um leið er þetta mjög skemmtilegt verkefni. Mín persónulega hugmynd kemur út frá þeim



Morgunblaðið/Kristinn

Áhrif úr umhverfinu Við hönnun byggingarinnar notast Erna Dögg við umhverfið í kring og það sem heillar hana við miðborgina.

þáttum sem heilla mig við miðborg Reykjavíkur. Þar er jú skemmtileg götumynd og sérstakur stíll sem hefur óneitanlega áhrif á hönnunina. Ég sæk þó innblástur minn í fleiri þætti eins og til dæmis bakgarðana við Laugaveg og Hverfisgötu. Á þessum götum er tiltölulega þétt götumynd sem opnast af og til inn í port og garða sem yfirleitt eru skemmtilega ólík því sem er að gerast á framhliðinni. Í hönnun minnar byggingar hélt ég hæðinni í skala götumyndarinnar og myndaði torg sem byggingin umlykur. Skorid er úr massanum á götuhæðinni við Smiðju- stíg og Hverfisgötu og opnað inn á torgið, þaðan sem gengið er inn í bygginguna. Þetta opna svæði tengist svo við Traðarkotsstíginn vestan megin á reitnum. Hugsunin er að hafa bygginguna tiltölulega lokaða að utanverðu en þegar gengið er inn um opnunina inn að torginu taki við miklar opnanir og glerframhliðar. Það eru margir sem sækja útskriftarsýninguna og finna eflaust allir eitthvað við sitt hæfi. Sýning arkitektanemanna verður með aðeins breyttu sniði þetta árið þar sem meiri innsýn verður gefin í vinnuferli okkar nemendanna með því að sýna módel og annað slíkt,“ segir Erna Dögg sem mun hefja mastersnám í Konunglegu listaakademíunni í Kaupmannahöfn í haust og segir að það sé gott að vera viss um framhaldið þar sem ástandið sé ekki sérlega bjart núna.

Ný sending af glæsilegum etanol eldstæðum



Xamena ryðfrítt stál - verð: 69.900 kr



Trento travertine - verð: 79.900 kr



Trento granít - verð: 89.900 kr

YLUR
fyrir heimilið

aðeins það besta
bæjarlind 2 - 201

blomus

conmoto

safretti

kópavogur - s 564 5700 - ylur.is